

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs.*  
Í breytingunni felst að við aðkomuveg að Hvammshverfi á gatnamótum við Sogsveg er gert ráð fyrir 16,6 m<sup>2</sup> lóð fyrir dælustöð Orkuveitu Reykjavíkur. Dæluhús verður 4,4 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Syðri-Brúar vegna Lyngbrekku 1 og 2 og Lækjarbrekku 23.*  
Í breytingunni felst að lóð Lyngbrekku 1 ásamt leiksvæði minnkar. Lóðir við Lækjarbrekku 23 og Lyngbrekku 2 stækka hinsvegar og dæluhús er einnig komið fyrir á svæði á við enda lóðar Lækjarbrekku 23.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2009.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vaðness vegna Tóftabrautar 2 og 4.*  
Í breytingunni felst að mörkin milli Tóftabrautar 2 og 4 eru færð um 7,5 m til vesturs. Við þetta minnkar lóð nr. 2 úr 8.337 m<sup>2</sup> í 7.530 m<sup>2</sup> en lóð nr. 4 stækkar úr 7.490 m<sup>2</sup> í 8.297 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. september 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2009